



## 114. fundur Stúdentaráðs

Fimmtudagur 12. september 2024 kl. 17:00

### Fundaritari: Ragnheiður Rós

**Mættir:** Silja Rún (forseti), Ragnheiður Rós (fjármálastjóri), Karen, Lilja Margrét, Bryndís Eva, Rakel Rún, Kristjana, Sóley Katrín (stafnbúi), Margrét Lillý, Jón Grétar (Teams), Kristbjörg, Brynjar (Teams), Páll Andrés (Teams)

#### Fundur settur 17:00

Silja hóf fundinn á því að ræða nýnemadaga

- Allir mjög glaðir með hvað grillið tókst vel, það var aðgengilegra og gekk skilvirkara fyrir sig að hafa það í portinu fyrir utan matsalinn.
- Nýnemapartý hug- og félagsvísindasviðs: heppnaðist almennt vel, góð mæting og þá sérstaklega hjá lögreglunemum sem hafa verið fámenn. Eina sem hefði mega fara betur var dagsetning nýnemapartýa en það hefði líklegast verið betri mæting ef þau hefðu verið haldin á þriðjudeginum í stað miðvikudags
- Nýnemapartý heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs: gekk mjög vel og góð mæting, skemmtilegt að hafa fyrirpartý og svo mæta í stóra nýnemapartý SHA.
- Brynjar (Data) hefði viljað styttri kynningu, en hún var bókuð í klukkutíma.

## 1. Kynning á nýjum fulltrúa Háskólaráðs

Lilja Margrét Óskarsdóttir kynnt, hún er nýr fulltrúi Háskólaráðs og mun sitja í stúdentaráði.

## 2. Nýr fundatími fyrir Stúdentaráð þetta starfsárið

Allir sammála um að halda okkar tíma áfram, annan fimmtudag í mánuði kl. 17:00.

## 3. Sprellmótið

- Verður haldið næsta föstudag 20. september, mæting kl. 15:00 á Ráðhústorg.
- Allir formenn búnir að bóka stað fyrir fyrirpartý nema Data, framkvæmdastjórn ætlar að auglýsa fyrirpartýin svo allir beðnir um að senda staðsetningu og tímasetningu partýa.
- Öll aðildarfélög eiga að senda á Hönnu í hvaða búning félagið ætlar að vera í.
- Hæfileikakeppni: senda atriði fyrir miðvikudag, generalprufa í boði fimmtudag kl. 14:00.
- Kynnt dómara, hefð fyrir mútur, mega byrja á mánudeginum í sprellumótaviku.
- Kynnt þrautir á sprellumótinu, rætt var af hverju reiptogið hafi verið tekið út.
- Beðið félög um að koma með snakk yfir daginn og skammta áfengi niður á Ráðhústorg og HA, sniðugt að vera með bíl upp í HA til að geyma áfengi í.
- Rætt um trúnaðarfulltrúa á sprellumótinu, Lilja bauð sig fram (verður bætt við á viðburði á Facebook og beðið um að auglýsa hana á peppkvöldum og í fyrirpartý).

## 4. Vinnufundur SHA

Verður haldinn 30 október, öll beðin um að taka þann dag frá, fundurinn verður frá 15:00.

## 5. Önnur mál

- Stúdentapúlsinn er að byrja, Silja mun senda dagsetningar og fá aðstoð frá formönnum og öðrum í stúdentaráði við að manna dagsetningarnar (Silja skoðar hvaða svið verða)
- Kynnt CCEP samninginn og hvaða áfengi má kaupa, formenn beðnir um að muna að setja kennitölu SHA á kvittanir og sundurliða ef keypt er frá öðrum framleiðanda.
- Lilja spurði með plássleysið, framkvæmdastjórn ætlar að tala við rekstur fasteigna.

**Fundi slitið 18:09**